

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 20. janúar 2012 kl. 11:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Sölvhólsvör, fundarherbergi á 1. hæð Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason, formaður, Bjarni Jónsson og Þórunn Egilsdóttir, ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundarsambandi voru Björk Þorsteinsdóttir og Hermann Jón Tómasson.

Guðmundur Bjarnason, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐIR

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundum ráðgjafarnefndar 27. október, 10. nóvember og 17. nóvember 2011 ásamt fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar með forstöðumönnum skólaskrifstofa 2. desember 2011. Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar.

Formaður lýsti yfir áhuga á og lagði jafnframt til að fundargerðir ráðgjafarnefndar væru birtar á heimasíðu Jöfnunarsjóðs. Álitid var að birtingin gæti farið fram þegar tvær vikur væru liðnar frá fundi, eða þegar ráðherra hefði samþykkt tillögur nefndarinnar frá fundinum og nefndin samþykkt fundargerðirnar.

ENDURSKOÐUÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2012

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2012. Fram kom að við þriðju umræðu frumvarps til fjárlaga 2012 hefðu lögbundin framlög frá ríki í Jöfnunarsjóð hækkað um 49,0 m.kr. samtals og hefði sú hækkun haft áhrif á ýmis framlög sjóðsins hvað fjárhæðir varðar.

Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að lögbundin framlög frá ríki hafi hækkað úr 11.937,0 m.kr. í 11.986,0 m.kr. eða um 49,0 m.kr. samtals eins og áður segir. Lögbundna framlagið sem tekur mið af 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs hafði hækkað um 112,0 m.kr. en framlagið sem nemur 0,264% af álagningarstofni næstliðins tekjuárs hafði lækkað um 63,0 m.kr. Viðbótarframlög eru nú áætluð 2.865,0 m.kr. og höfðu hækkað um 10,0 m.kr. og tengist sú hækkun beinum framlögum frá ríki vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Heildarframlög frá ríki eru því áætluð samtals 14.851,0 m.kr. samtals. Áætlaðar tekjur vegna 0,77% hlutdeildar sjóðsins af álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans nema samtals 7.018,0 m.kr. Áætlaðar tekjur vegna 0,95% hlutdeildar sjóðsins af álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra nema samtals 9.129,0 m.kr. Sérstakar tekjur sjóðsins vegna eflingar tónlistarnámi á árinu nema samtals 480,0 m.kr., hreinar vaxtatekjur eru áætlaðar um 96,0 m.kr. Áætlaðar tekjur sjóðsins á árinu nema því samtals 31.574,0 m. kr.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar þá nema bundin framlög nú samtals 1.536,0 m.kr. Óveruleg hækkun hafði orðið á bundnum framlögum til sambandsins og landshlutasamtaka vegna hækkunar á ríkisframlaginu. Sérstök framlög nema nú samtals 6.230,0 m.kr. og höfðu hækkað um 72,0 m.kr. vegna hækkunar á framlögum vegna húsaleigubóta. Jöfnunarframlög, þ.e. tekju- og útgjaldajöfnunarframlög nema samtals 5.950,0 m.kr. Framlög vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar nema samtals 6.899,0 m.kr., aukaframlag 350,0 m.kr., framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra 9.976,0 m.kr. samtals og framlög til eflingar tónlistarnámi 480,0 m.kr. Að teknu tilliti til áætlunar um rekstrarkostnað nema áætluð gjöld samtals 31.574,0 m.kr. Þar af eru 53,0 m.kr. sem ekki hefur verið ráðstafað.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins væri samþykkt.

UMSJÓNARNEFND EFTIRLAUNA

Áætluð fjárþörf 2012

Á grundvelli laga um eftirlaun aldraðra nr. 113/1994, ber Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að greiða framlög til Umsjónarnefndar eftirlauna vegna þeirra einstaklinga sem fæddir eru fyrir árið 1914 og hafa ekki verið í stéttarfélagi. Sama regla gildir um maka þeirra.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu bréf Umsjónarnefndar eftirlauna, dags. 20. desember 2011. Þar kemur fram að áætluð greiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Umsjónarnefndar eftirlauna á árinu 2012 muni nema um 4,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að í endurskoðaðri greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2012 verði gengið út frá að framlag til Umsjónarnefndar eftirlauna nemi 4,0 m.kr.

HÚSAFRIDUNARSJÓÐUR

Fjárþörf 2012

Lagt var fram bréf frá Húsafridunarnefnd ríkisins, dags 12. janúar 2012, þar sem fram kemur að lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í Húsafridunarsjóð á árinu 2012 nemi 47.767.800 kr., sbr. 16. gr. laga um húsafridun nr. 104/2001.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að í endurskoðaðri greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2012 verði gengið út frá að framlag í Húsafridunarsjóð nemi um 47,8 m.kr. Framlagið kemur til greiðslu í einu lagi fyrir 1. maí nk.

SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Sameining Húnaþings vestra og Bæjarhrepps

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Húnaþings vestra, dags. 16. janúar 2012. Í erindinu kemur fram beiðni um að sveitarfélögin Húnaþing vestra og Bæjarhreppur, en sameining þeirra tók gildi 1. janúar sl., fái strax á sameiningarári að njóta þeirra jákvæðu áhrifa sem sameiningin hefur í för með sér hvað úthlutun tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlaga úr sjóðnum til sameinaðs sveitarfélags varðar.

Á grundvelli d-liðar 1. gr. reglna, nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga er kveðið á um úthlutun á óskertum, þ.e. óbreyttum, tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum á því ári er sameiningin tekur gildi. Þarna er verið að líta til þess ef sameiningin leiðir til skerðingar á jöfnunarframlögum.

Áhrif sameiningarinnar á sameinað sveitarfélag Húnaþings vestra og Bæjarhrepps eru þau að tekjujöfnunarframlögin hækka um 5, 4 m.kr. og útgjaldajöfnunarframlögin um 5,3 m.kr. Ávinningur sameiningarinnar hvað jöfnunarframlögin varðar er því samtals 10.7 m.kr. sé miðað við fjárhæðir framlaganna eins og þær voru á árinu 2011.

Í ljósi þess að sameining sveitarfélaganna tók gildi 1. janúar sl. samþykkti ráðgjafarnefndin að taka framangreinda beiðni Húnaþings vestra til greina. Útreikningur og uppgjör tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlaga ársins mun því fara fram á grundvelli sameinaðs sveitarfélags.

Möguleg sameining Sveitarfélagsins Álftanes og Garðabæjar

Fram kom að umræður um mögulega sameiningu Sveitarfélagsins Álftanes og Garðabæjar væru hafnar að nýju eftir nokkurt hlé.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Sveitarfélagið Álftanes – staða mála

Fram kom að enn væri eftir að ganga frá nokkrum lausum endum hvað fjárhagslega endurskipulagningu Sveitarfélagsins Álftanes varðaði.

Engar ályktanir eða samþykktir voru gerðar vegna stöðu mála er varða Sveitarfélagið Álftanes.

Skaftárhreppur – fjárhagsleg úttekt

Lagt var fram til umfjöllunar rafrænt erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 13. janúar 2012, þar sem fram kemur að fulltrúar Skaftárhrepps hafi komið til fundar við nefndina og lýst yfir áhyggjum sínum af fjármálum sveitarfélagsins.

Jafnframt kemur fram að í framhaldi af skoðun eftirlitsnefndarinnar á fjárhagsáætlun Skaftárhrepps fyrir árið 2012 hafi nefndin tekið þá ákvörðun að fram færi úttekt á fjárreiðum sveitarfélagsins í samræmi við 4. tl. 82. gr. sveitarstjórnarlaga. Í erindi EFS er óskað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna vinnu utanaðkomandi ráðgjafa við úttektina. Kostnaður við verkið er talinn geta numið 1 til 2 m.kr. fyrir utan virðisaukaskatt.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að verða við óskum EFS um aðkomu sjóðsins að kostnaði vegna úttektarinnar en lagði til að óskað væri eftir ítarlegri upplýsingum um mögulegan kostnað þar að lútandi.

VATNSVEITUFRAMKVÆMDIR Á LÖGBÝLUM

Tillögur Bændasamtakanna að úthlutun 2012 vegna framkvæmda 2011

Á grundvelli reglugerðar um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum, nr. 973/2000 og sérstaks samnings þar að lútandi annast Bændasamtök Íslands stjórnýslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði. Heildarfjárhæð framlaga úr Jöfnunarsjóði á grundvelli reglugerðarinnar nema 25,0 m.kr. á ári að teknu tilliti til 44% þátttöku.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bændasamtökum Íslands, dags. 2. janúar 2012, þar sem gerð er grein fyrir tillögum samtakanna að úthlutun framlaga vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum á árinu 2011. Fram kemur að samanlagður kostnaður við þær framkvæmdir sem gengu eftir á árinu 2011 nemi 53,1 m.kr. Miðað við ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til verkefnisins næmi kostnaðarþátttakan 43,4% eða um 23.058.381 kr.

Með tilvísun til þessa gera Bændasamtökin tillögu um úthlutun framlags samtals að fjárhæð 23.058.381 kr. vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum á árinu 2011. Meðtalinn er kostnaður vegna framkvæmda sem ráðast þurfti strax í vegna tjóns af völdum eldgosa í Grímsvötnum, sbr. heimildarákvæði þar að lútandi í reglugerðinni. Til viðbótar kæmi svo umsýslukostnaður samtakanna á árinu 2011 vegna verkefnisins að fjárhæð 1.941.619 kr. Samtals er því um framlag að fjárhæð 25,0 m.kr. að ræða vegna ársins 2011.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til við ráðherra að framangreindar tillögur Bændasamtakanna væru teknar til greina.

FRAMLÖG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Endurskoðuð tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2012

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að áætluðum framlögum til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2012 í ljósi hækkunar á 2,12% framlaginu frá ríki á milli umræðna um frumvarp til fjárlaga 2012. Endanleg fjárhæð framlagsins á fjárlögum ársins nemur 9.605,0 m.kr. og nemur endurskoðuð tillaga að úthlutun framlaga vegna tekjutapsins 30% af þeirri fjárhæð eða 2.881,5 m.kr. Nú þegar hefur sveitarfélagið verið birt áætluð úthlutun að fjárhæð 2.847,9 m.kr.

Þar sem um óverulegan mismun er að ræða fyrir hvert sveitarfélag samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að gengið væri út frá heildarframlögum að fjárhæð 2.847,9 m.kr. við greiðslur framlaga vegna tekjutapsins fram að uppgjöri framlaganna sem fram fer mánuðina júlí, ágúst og september.

HÚSALEIGUBÆTUR

Almennar húsaleigubætur – Staða mála eftir IV. ársfjórðung 2011

Lagt var fram til kynningar yfirlit þar sem fram kemur að heildargreiðslur sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum hafi numið 3.530,6 m.kr. að viðbættum leiðréttingum vegna fyrri ára að fjárhæð 10,1 m.kr. eða samtals um 3.540,7 m.kr. Um er að ræða 138,1 m.kr. lægri fjárhæð en áætlanir sveitarfélaganna gerðu ráð fyrir. Áætluð kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs í greiðslum almennra húsaleigubóta á árinu 2011 var 51,5%.

Sérstakar húsaleigubætur – Staða mála eftir IV. ársfjórðung 2011

Lagt var fram til kynningar yfirlit þar sem fram kemur að heildargreiðslur sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum hafi numið 1.061,3 m.kr. að viðbættum leiðréttingum vegna fyrri ára að fjárhæð um 2,0 m.kr. eða samtals 1.063,3 m.kr. Um er að ræða 33,1 m.kr. hærri fjárhæð en áætlanir sveitarfélaganna gerðu ráð fyrir. Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í greiðslum bótanna var 60% á árinu 2011.

Á fjárlögum og fjárukalögum ársins 2011 fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga viðbótarframlög frá ríki samtals að fjárhæð 1.608,0 m.kr. vegna samkomulagsins um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir um greiðslur almennra og sérstakra húsaleigubóta á árinu 2011 var heildarfjárbörf Jöfnunarsjóðs úr ríkissjóði vegna samkomulagsins á árinu 2011 um 26,0 m.kr. lægri en ráð var fyrir gert og mun sú fjárhæð renna til verkefnisins á yfirstandandi ári.

Sá hluti sem Jöfnunarsjóður sjálfur á að brúa í greiðslum framlaga vegna almennra húsaleigubóta nemur 11,5% af lögbundnu framlagi frá ríki sem nemur 2,12% af innheimtum skattækjum ríkissjóðs. Þar sem ekki liggur fyrir fyrr en í vor niðurstaða hvað lögbundin framlög frá ríki í Jöfnunarsjóð vegna ársins 2011 varðar samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að endanlegu uppgjöri almennra húsaleigubóta vegna ársins 2011 væri frestað þar til þá.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Tillögugerð að úthlutun framlaga til landshlutasamtaka vegna sóknaráætlunar

Sóknaráætlanir landshluta eru eitt verkefni innan *Ísland 2020* sem er stefnumörkun og framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag. Vinna við verkefnið hófst í byrjun árs 2011 og er fyrsta áfanga verkefnisins lokið. Fyrsti áfangi verkefnisins var tilraunferli, líkt og ríkisstjórnarsamþykkt frá 31. maí 2011 kvað á um. Í þeim áfanga var opnað fyrir ákveðinn samskiptaás milli Stjórnarráðsins og átta landshlutasamtaka sveitarfélaga þar sem allir gengu í gegnum lærdóms- og samstarfsferli sem áframhaldandi vinna þarf að byggja á.

Á fundi ráðgjafarnefndar 27. október 2011 var samþykkt tillaga um aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði landshlutasamtaka vegna vinnu við sóknaráætlunina á árinu 2011 með úthlutun framlags samtals að fjárhæð 5,0 m.kr. Óskað var eftir upplýsingum frá samtökunum um útlagðan ferðakostnað vegna tiltekinna funda í Reykjavík í tengslum við áætlunina og gefinn var ádráttur um, ef ráðstöfunarfjármagn leyfði, að koma einnig að kostnaði samtakanna vegna aðkeyprar sérfræðiaðstoðar í tengslum við verkefnið.

Á fundinum var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu yfirlit yfir útlagðan kostnað landshlutasamtaka sveitarfélaga í tengslum við sóknaráætlun landshluta á árinu 2011 ásamt umsóknum þeirra landshlutasamtaka sem borist höfðu.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tekið yrði tillit til uppgjefins ferðakostnaðar samtakanna á fundi í Reykjavík í tengslum við sóknaráætlunina, eins og að framan greinir, ásamt ferðakostnaði í héraði. Jafnframt samþykkti nefndin að leggja til að eftirstöðvum af ráðstöfunarfjármagni ársins 2011 væri dreift jafnt á samtökin í ljósi þess að mjög mismunandi væri hvort samtökin hefðu keypt sérfræðiaðstoðina að eða valið þann kostinn að fela starfsmönnum sínum þá vinnu.

Þegar útfærsla, á framangreindri tillögu ráðgjafarnefndar um dreifingu 5,0 m.kr. framlagsins, sem til ráðstöfunar var á árinu 2011, lá fyrir, staðfestu nefndarmenn með tölvupósti tillögu um greiðslur til samtakanna.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að breytingu á 12. gr. reglugerðar nr. 960/2010 vegna íbúafjölda innan viðmiðunarhópa framlagsins

Lagt var fram til kynningar yfirlit frá Hagstofu Íslands þar sem fram kemur að íbúafjöldi Garðabæjar væri orðinn 11.290 í lok árs 2011.

Með tilvísun til þessa kom til umfjöllunar endurskoðun á íbúafjölda í viðmiðunarfloknum 300 – 10.999 íbúar við útreikning meðaltekna á íbúa í tengslum við útreikning tekjujöfnunarframlaga sjóðsins, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu málsins væri frestað og það skoðað betur á milli funda.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að úthlutun viðbótarframlaga vegna skólaaksturs

Á árinu 2011 nam heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins 5.200,0 m.kr. á grundvelli A- og B- hluta 13. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Heildarframlög vegna skólaaksturs á grundvelli B-hluta 13. gr. reglugerðarinnar námu samtals 750,0 m.kr. á árinu 2011. Á grundvelli áætlunar er byggir á upplýsingum frá sveitarfélögum um akstursleiðir úr dreifbýli sveitarfélags og fjölda grunnskólabarna á hverri leið, sem eiga heimili lengra en 3,0 km. frá skóla miðað við 1. október ár hvert, komu 575,0 m.kr. til úthlutunar í upphafi ársins 2011 ásamt þeim framlögum er tilheyra A-hluta útgjaldajöfnunarframlaganna.

Á grundvelli umsókna er berast sjóðnum eigi síðar en 15. desember ár hvert er úthlutað sérstöku viðbótarframlagi vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur úr dreifbýli umfram þau framlög sem sveitarfélögin hafa fengið á árinu vegna akstursins. Vegna ársins 2011 nemur þetta viðbótarframlag samtals 175,0 m.kr.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu yfirlit yfir umsóknir sveitarfélaga um framangreint viðbótarframlag vegna ársins 2011. Á grundvelli heildarkostnaðar sveitarfélaga við skólaakstur á árinu 2011 og skerðingar á grundvelli hámarkstekna í hverju sveitarfélagi, sbr. önnur viðmið útgjaldajöfnunarframlaga, samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu að úthlutun og greiðslu viðbótarframlags vegna íþyngjandi kostnaðar sveitarfélaga við aksturinn á árinu 2011, samtals að fjárhæð 157,3 m.kr. Sá fyrirvari var þó hafður á tillögugerð nefndarinnar að uppgæfnar kostnaðartölur úr Borgarbyggð væru staðfestar.

Við tillögugerð að úthlutun viðbótarframlagsins til Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvor fyrir sig þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

ÖNNUR FRAMLÖG

Tungumálatorgið – aðkoma Jöfnunarsjóðs

Með bréfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, dags. 6. júlí 2011, er greint frá samþyktri tillögu ráðgjafarnefndar um aðkomu Jöfnunarsjóðs að verkefninu *Tungumálatorg* með úthlutun árlegs framlags að fjárhæð 3,0 m.kr. til þriggja ára á grundvelli heimildarákvæða í 3. tölulíð 8. gr. reglugerðar, nr. 351/2002, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla.

Forsendur fyrir úthlutun framlagsins úr Jöfnunarsjóði voru þær að fjármögnun verkefnisins yrði tryggð og gerður yrði samningur um framkvæmd þess milli þeirra aðila sem að því myndu koma. Í samningnum væri kveðið á um skil á framvinduskýrslum um verkefnið þar sem fram kæmu upplýsingar um notagildi þess fyrir grunnskólabörn í sveitarfélögum landsins.

Á fundinum var lagt fram til kynningar bréf frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, dags. 11. janúar 2012, þar sem staðfest er að uppfyllt hafi verið þau skilyrði er sett voru fyrir framlagi Jöfnunarsjóðs til verkefnisins.

Með tilvísun til þessa staðfesti ráðgjafarnefndin aðkomu Jöfnunarsjóðs að verkefninu með úthlutun árlegs framlags að fjárhæð 3,0 m.kr. til þriggja ára.

Íþyngjandi kostnaður við rekstur grunnskóla Mýrdalshrepps

Á grundvelli 2. töluliðar 8. gr. reglugerðar, nr. 351/2002, er heimilt að veita framlög til sveitarfélaga vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla umfram þær tekjur sem sveitarfélögum voru tryggðar með hækkuðu útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði í kjölfar yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1996.

Á fundi ráðgjafarnefndar 14. desember sl. var lögð fram til umfjöllunar umsókn Mýrdalshrepps, dags. 28. nóvember 2011, vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla á árinu 2010. Að tillögu nefndarinnar var afgreiðslu umsóknarinnar frestað til næsta fundar.

Umsókn Mýrdalshrepps var tekin til umfjöllunar að nýju og samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að á grundvelli viðmiðunarreglna sjóðsins kæmi til úthlutunar framlags á grundvelli 8. gr. reglugerðar, nr. 357/2002, að fjárhæð 4.785.000 kr. vegna íþyngjandi kostnaðar sveitarfélagsins við rekstur grunnskóla á árinu 2010.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA TEKJUSTREYMI -Niðurstaða ársins 2011

Lagt var fram til kynningar yfirlit er sýnir niðurstöðu hvað varðar tekjustreymi og útgjaldaþörf vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra á árinu 2011.

Tekjur Jöfnunarsjóðs af 0,95% hlutdeild í álagningarstofni útsvars mánuðina febrúar til desember vegna janúar til nóvember námu samtals um 7.555,0 m.kr. að viðbættum beinum framlögum frá ríki að fjárhæð 623,0 m.kr. Samtals námu því tekjur sjóðsins vegna yfirfærslunnar um 8.177,7 m.kr. á árinu 2011. Útgjaldaþörfin nam hins vegar um 8.786,5 m.kr. Mismunur að fjárhæð 608,9 m.kr. er tilkominn vegna fyrirframgreiðslu Jöfnunarsjóðs á framlögum til sveitarfélaga í janúarmánuði 2011 þar sem tekjur sjóðsins af 0,95% hlutdeild í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslunnar fór ekki að berast fyrr en í febrúar.

Fjárhagsrammi yfirfærslu málefna fatlaðra 2011 var áætlaður 10.775,0 m.kr. á rekstrargrunni en endaði í 10.954,6 m.kr. að teknu tilliti til greiðslu Jöfnunarsjóðs í ársbyrjun.

ENDURSKOÐUN Á REGLUGERÐ NR. 1066/2010

Lögð voru fram til kynningar fyrstu drög að nýrri reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012. Reglugerðin kemur í stað reglugerðar nr. 1066/2010 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011.

Meginbreytingin sem kemur fram í drögum að nýrri reglugerð fyrir árið 2012 kemur fram í 3. gr. er fjallar um mælingu á útgjaldaþörf og í 5. gr. þar sem gerð er grein fyrir þeim viðmiðunum sem almenn framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk byggja á á árinu 2012.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Beiðni um leiðréttingar á úthlutun framlaga 2011

Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 23. ágúst 2011, þar sem þess er farið á leit við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að kostnaðargreiningin sem lögð var til grundvallar við útreikning framlaga vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2011 verði tekin til endurskoðunar og leiðrétt vegna misræmis í raunkostnaði rekstrar og áætlunar vegna sambýlis við Sæbraut á Seltjarnarnesi. Erindi Reykjavíkurborgar hafði verið lagt fram til kynningar á fundi ráðgjafarnefndar 14. desember 2011 en nefndin lagð til að afgreiðslu þess væri frestað.

Erindi Reykjavíkurborgar byggir á því að áætluð framlög til þjónustusvæðisins vegna sambýlisins við Sæbraut á árinu 2011 voru óeðlilega lág miðað við raunkostnað og höfðu tekið mið af fyrirhuguðum breytingum á árinu 2011 sem áttu að leiða til lækunar á kostnaði við reksturinn. Þær breytingar gengu hins vegar ekki eftir. Kostnaður samkvæmt rekstraráætlun 2010 var 54.744 þús.kr., en samkvæmt áætlun 2011 um 47.565 þús.kr. Í erindi borgarinnar er þess farið á leit að framlag komi úr Jöfnunarsjóði sem mismuni að fjárhæð 7,2 m.kr. nemur enda hefði verið um óraunhæfa áætlun um hagræðingu að ræða.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að beiðni borgarinnar um leiðréttingu vegna sambýlisins við Sæbraut væri tekin til greina og lagði til að úthlutað væri viðbótarframlagi að fjárhæð 7,2 m.kr. vegna ársins 2011 enda hefði kostnaðargreining ársins 2010 verið lögð til grundvallar við úthlutun framlaga til annarra þjónustusvæða á árinu 2011.

Mosfellsbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu bréf Mosfellsbæjar, dags. 27. október 2011, þar sem þess er farið á leit að gerð verið leiðrétting á áætlun um úthlutun almennra framlaga Jöfnunarsjóðs vegna fatlaðs fólks á árinu 2011 vegna reksturs sveitarfélagsins á búsetueiningum og greiðslum vegna Skálatúnsheimilisins.

Erindi Mosfellsbæjar byggir á því að húsaleigugjöld vegna búsetueininganna Klapparhlíðar og Þverholts hafi ekki verið talin með í áætluðu framlagi ársins 2011. Fylgiskjöl bera hins vegar með sér að áætlað hafi verið fyrir húsaleigu beggja rekstrareininganna. Hins vegar hafi komið fram að áætlun vegna launagjalda í Klapparhlíð hafi verið óeðlilega lág. Miðað við meðalkostnað á starf í Þverholti og Hulduhlíð, sem er þriðja búsetueiningin, ætti áætlun að frádreginni húsaleigu að vera um 29,8 m.kr. í stað 21,1 m.kr. Í ljósi þess væri eðlilegt að til kæmi hækkun vegna framlagsins til Mosfellsbæjar á árinu 2011 um 8,7 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að úthlutað væri viðbótarframlagi að fjárhæð 8,7 m.kr. til Mosfellsbæjar vegna óraunhæfrar áætlunar um launagjöld í Klapparhlíð á árinu 2011.

Vestfirðir

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, dags. 4. nóvember 2011, þar sem sótt er um viðbótarfjármagn vegna neyðarþjónustu á Vestfjörðum er tengist málaflokknum.

Eftir nokkra umræðu samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að komið yrði til móts við Byggðasamlag Vestfjarða vegna íþyngjandi kostnaðar í tengslum við brýna neyðarþjónustu sem samlagið hefur innt af hendi í kjölfar yfirlærslunnar með úthlutun framlags að fjárhæð 2,0 m.kr.

FASTEIGNASJÓÐUR JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Staða mála varðandi sölu fasteigna

Við yfirlærslu á málefnum fatlaðra 1. janúar 2011 tók Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yfir réttindi og skyldur Framkvæmdasjóðs fatlaðra hvað þær fasteignir ríkissjóðs varðar sem nýttar voru við yfirlærsluna í þjónustu við fatlað fólk.

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir mögulegar sölur fasteigna, sem Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur nú umráðarétt yfir, til sveitarfélaga eða tengdra aðila. Á yfirlitinu kemur fram að áætlað heildarsöluverð þeirra fasteigna nemi um 2.329,0 m.kr. og áætlaðar afborganir skuldabréfa þeim sölum tengdum væru um 119,7 m.kr. árlega.

FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU

Vandi tónlistarskóla í kjölfar samkomulags

Farið var yfir stöðu mála hvað varðar rekstrarvanda einstakra tónlistarskóla í Reykjavík í kjölfar samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins. Fjöldi þeirra nemenda sem samkomulagið byggir á er 711. Umsóknir bárust hins vegar vegna 822 nemenda og leiddi sú fjölgun til nauðsynlegrar lækkunar viðmiðunarfjárhæða Jöfnunarsjóðs eftir tegundum náms og námsstigum enda um ákveðið ráðstöfunarfjármagn sjóðsins að ræða sem nemur um 480 m.kr. árlega.

Fram kom að yfir stæði vinna við að finna lausn á þeim vanda sem upp væri kominn. Að þeirri vinnu kæmu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

ÖNNUR MÁL

Breyting á reglugerð nr. 960/2010

Skerðing á framlögum til tekjuhárna sveitarfélaga

Skorradalshreppur, Hvalfjarðarsveit

Þann 1. janúar 2012 tóku gildi breytingar á reglugerð, nr. 960/2010, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hvað úthlutanir jöfnunarframlaga til þeirra sveitarfélaga varðar sem hafa skatttekjur á íbúa 50% umfram landsmeðaltal. Á árinu 2012 er um 50% skerðingu framlaga að ræða en á árinu 2013 falla framlögin alveg niður.

Ráðuneytinu hafði borist bréf frá Skorradalshreppi, dags. 28. desember 2011, þar sem gerðar eru athugasemdir við framangreindar breytingar á reglugerð, nr. 960/2010 og áhrif þeirra breytinga á úthlutanir jöfnunarframlaga úr Jöfnunarsjóði til Skorradalshrepps. Bréfið var lagt fram til kynningar á fundinum ásamt svari ráðuneytisins til Skorradalshrepps.

Á fundi ráðgjafarnefndar 14. desember 2012 var lagt fram til kynningar bréf frá Hvalfjarðarsveit, dags. 1. desember 2011, þar sem gerðar voru athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sérstök verkefni 2012

Lögð voru fram til kynningar drög að verkefnaáætlunum og verkefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2012.

Gerð er grein fyrir þeim verkefnum sjóðsins sem unnið hefur verið að en er ólokið. Einnig er gerð grein fyrir nokkrum nýjum verkefnum sem stefnt er að á árinu. Ekki er gerð sérstaklega grein fyrir hefðbundnum verkefnum sjóðsins að öðru leyti en því sem þau tengjast óloknum og nýjum verkefnum.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að frekari umræða um drögin væri frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 14:00.

Lagt var til að næsti fundur nefndarinnar væri haldinn seinni hluta febrúarmánaðar og verður hann boðaður sérstaklega

Halldór V. Kristjánsson